

Sp. 11. Tillaga til þingsályktunar [11. mál]
um staðarval stóriðnaðar á Norðurlandi.

Flm.: Lárus Jónsson, Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna sérstaklega nauðsyn eflingar atvinnulífs á Norðurlandi eystra og kosti þess að velja þar stóriðnaði stað, t. d. í grennd Akureyrar eða Húsavíkur.

Greinargerð.

Tillaga til þingsályktunar, samhljóða þessari, var lögð fram á síðasta löggjafarþingi, en varð ekki útrædd. Þá fylgdi henni eftirfarandi greinargerð sem enn er í fullu gildi. Þó hefur áfram hallað á ógæfuhliðina, jafnvel örar en svartsýnustu menn óraði fyrir.

„Samdráttar hefur víða gætt í atvinnulífi á liðnum vetri. Ástandið er greinilega langtum verst á Norðausturlandi ef marka má opinberar tölur um atvinnuleysis-skráningu. Ef frá eru taldir þeir sjávarútvegsstaðir, sem skortir hráefni, hefur atvinnuleysi orðið mest í stærstu kaupstöðunum, t. d. voru 120 manns á atvinnu-

leysisskrá á Akureyri í janúar. Þessi samdráttur á vafalítið rætur að rekja til öfugsnúinnar efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, t. d. í vaxtamálum, gengis- og verðlagsmálum, auk húsnæðismála. Að því leyti er vandinn tímabundinn. Ástæða er þó til að ætla að til viðbótar sé um verulegan frambúðarvanda að ræða í eflingu atvinnulífsins, einkum á Akureyri og Húsavík, þar sem vaxtarbroddurinn er í iðnaðar- og þjónustugreinum.

Á Akureyri voru um 60% vinnuafslsins hjá 11 stærstu fyrirtækjum bæjarins árið 1970, en nú eru 70% vinnuafslsins hjá einvörðungu 7 fyrirtækjum, þ. á m. sjúkrahúsinu og Akureyrarbæ. Þessi stóru fyrirtæki: Útgerðarfélag Akureyringa, Verksmiðjur SÍS, Slippstöðin, Niðursuðuverksmiðja K. Jónsson & Co., svo nokkur séu nefnd, eiga öll í erfiðleikum vegna atvinnuálastefnu ríkisstjórnarinnar. T. d. mun lækkun lána til innlendrar skipasmíði og öll fyrirgreiðsla stjórnvalda á sviði skipasmíða verða Slippstöðinni þung í skauti, en þar vinna 300 manns. Kjarni málsins er þó sá, að öll fyrrnefnd fyrirtæki virðast ekki líkleg til þess að vaxa umfram núverandi stærð og umsvif, jafnvel þótt úr rætist með atvinnustefnu stjórnvalda. Þess er m. ö. o. ekki að vænta, að hjá þeim verði til nauðsynleg ný atvinnutækifæri á næstu árum, ef ungt fólk, sem kemur á vinnumarkaðinn, á að geta fest rætur og heimili á Akureyri.

Svipuðu máli gegnir um Húsavík. Þar virðist fiskiðnaðurinn vart bæta við sig verulegu vinnuafli og aðrar iðngreinar á Húsavík flestar bundnar þjónustu við heimamarkað. Nýr vaxtarbroddur er því nauðsynlegur þar til eflingar atvinnulífsins ekki síður en á Akureyri og hafa bæjaryfirvöld þar sýnt á þessu sérstakan skilning með athugunum á að koma á fót nýjum iðngreinum á Húsavík, m. a. pappírverksmiðju, sem kunnugt er.

Afar þýðingarmikil rök fyrir því að velja stórfyrirtækjum stað í grennd við öfluga þéttbýlisstaði felast í þeirri staðreynd, að einmitt þar hefur ný atvinnustarfsemi mest áhrif til eflingar annarra iðn- og þjónustugreina. Slíkt staðarval hefur því mest áhrif á byggðaþróun í landinu sem unnt er að ná með einni ákvörðun. Akureyri er sem kunnugt er stærsti þéttbýlisstaður utan höfuðborgarsvæðisins og þar er fyrir öflugastur iðnaður og þjónustugreinar á landsbyggðinni. Áætla má að fyrirtæki, sem veitir 400 manns atvinnu, muni örva aðra atvinnustarfsemi í Eyjafirði þannig að um 600 ný atvinnutækifæri hlytust af staðarvali slíks stórfyrirtækis til viðbótar. Þannig yrði fjöldi nýrra atvinnutækifæra 1000 og íbúafjölgun a. m. k. 3000 manns vegna staðarvalsins. Á hinn bóginn yrði íbúafjölgun minni og færri ný atvinnutækifæri sem hlytust af staðarvali slíks fyrirtækis í 1000 manna héraði, en félagslegar aðstæður allar gjörbreytast þar sem hefðbundnar atvinnugreinar væru væntanlega einar til staðar í slíku byggðarlagi. Um framangreindar niðurstöður á þeim áhrifum, sem staðarval stórfyrirtækja hefur í atvinnu- og byggðaþróun, liggja fyrir reynsluathuganir, m. a. í Noregi.

Orkufrekur iðnaður kemur auðvitað sérstaklega til greina í framangreindu skyni. Þar sem orkukerfi landsins verður allt samtengt innan skamms yrði staðarval slíkra stórfyrirtækja í grennd við Akureyri eða Húsavík lítt háð stórvirkjunarstöðum, en um orkuþáttinn í þessu sambandi vísast til frv. sjálfstæðismanna um nýjar stórvirkjanir á þessum áratug.“